

Greining á afkomu í landbúnaði 2018-2022 og afkomuspá fyrir árið 2023

Nautgripærækt

Sauðfjárrækt

Garðyrkja



2. nóvember 2023

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Samantekt þessi er unnin skv. beiðni frá Matvælaráðuneytinu

© Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Reykjavík, Ísland, 2023

Starfshópur:

Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Guðfinna Harpa Árnadóttir

Ívar Ragnarsson

Kristján Óttar Eymundsson

María Svanþrúður Jónsdóttir, verkefnisstjóri

Runólfur Sigursveinsson

Sigríður Ólafsdóttir

Sigurður Guðmundsson

Aðdragandi

Með tölvupósti þann 5. október sl. óskaði Sigurður Eypórsson sérfræðingur hjá Matvælaráðuneytinu eftir því við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins að vinna samantekt um þróun skulda og fjármagnskostnaðar í landbúnaðinum allt frá árinu 2018. Einkum yrði horft á þróun eftirfarandi fjögurra þátta:

- Heildarveltu
- Heildarafkomu
- Skulda sem hlutfall af veltu
- Fjármagnskostnaðar sem hlutfall af heildarútgjöldum.

Einnig hvort hægt væri að draga út einhvern hóp í landbúnaði sem er verr staddur en aðrir.

Eftirfarandi samantekt byggir á gagnagrunnum RML um rekstur bænda í fjórum búgreinum frá árinu 2018 til ársins 2022. Í gagnagrunnum RML liggja fyrir tölur um þróun rekstrar í mjólkurframleiðslu, nautakjötsframleiðslu, sauðfjárrækt auk garðyrkju. Jafnframt er lagt mat á þróunina í viðkomandi greinum árið 2023, sem m.a. er byggt á hálfárs uppgjöri einstakra búa. Þar er horft til þróunar á m.a. afurðaverði og útgjalda vegna aðfanga, svo sem á fóðri, áburði, olíu, rúlluplasti og aðkeyptri þjónustu auk fjármagnskostnaðar. Launaliðir eru almennt framreiknaðir miðað við hlutfallslega hækkun reiknaðs endurgjalds skv. RSK, eða um 8%. Fjármagnskostnaður er framreiknaður að teknu tilliti til veginna stýrivaxtahækkana á árinu 2023 og verðbólgu. Samhliða er horft á þróun skuldahlutfalls viðkomandi búgreina.

Afkoma hvernar búgreinar er reiknuð sérstaklega og síðan afkoma rekstrar í heild sinni þegar aðrir tekjustofnar hafa verið lagðir saman. Aðrar tekjur eru af ýmsum toga og geta skarast á milli búgreina. Einnig er hér um að ræða tekjur vegna ferðaþjónustu, hrossaræktar, útseldrar vinnu, hlunninda, söluhagnaðar af vélum og fleira.

Rétt er að geta þess að uppgjör rekstrarverkefna fyrir árið 2022 er ekki formlega lokið hjá RML og gagnaöflun stendur enn yfir. Engu að síður eru gagnasöfnin orðin nægilega stór til að gefa sterkar vísbendingar um þróun í afkomu viðkomandi búgreina.

Mjólkurframleiðslan

Þegar þessi samantekt var unnin lágu fyrir rekstrarupplýsingar 125 kúabúa í mjólkurframleiðslu frá árinu 2022 með samanburði sömu bóa allt frá árinu 2018. Vægi þessara 125 kúabúa er um 32% allrar mjólkurframleiðslu landsins árið 2022. Niðurstöður þessara greininga eru lagðar til grundvallar við mat á heildarafkomu búgreinarinnar á viðkomandi ári. Við mat á þróun á tekjum og gjöldum ársins 2023 var horft til verðhækkana á mjólk og kjöti, opinberra greiðslna samkvæmt fjárlögum ársins og innkaupaverðs á m.a. fóðri, áburði, olíu, rúlluplasti og þjónustu hjá sömu búum. Fjármagnsliðir eru framreiknaðir með hliðsjón af stýrivöxtum ársins 2023 og þróun verðbólgu á árinu.

Greining á afkomu landbúnaðar 2018-2023

Mjólkurframleiðsla

Mjólkurframleiðslan. Fjárhæðir í milljónum króna á föstu verðlagi hvers árs.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Afurðatekjur	16.277	15.989	16.721	17.457	19.709	22.616
Opinberar greiðslur	6.343	6.616	6.426	6.724	7.493	7.672
Aðrar tekjur	3.246	2.946	3.145	3.572	4.291	4.528
Tekjur alls	25.867	25.551	26.291	27.754	31.494	34.817
Breytilegur kostnaður	9.907	10.249	10.809	11.564	13.746	16.055
Fastur kostnaður	3.551	3.735	3.900	3.929	4.187	4.419
Laun og launatengd gjöld	4.374	4.570	4.566	4.688	4.750	5.256
Afskriftir	3.429	3.553	3.704	3.914	3.906	4.042
Fjármagnsliðir	2.774	2.824	2.751	2.902	3.936	6.452
Gjöld alls	24.035	24.932	25.731	26.997	30.526	36.224
Hagnaður / Tap rekstrar í heild	1.832	619	560	756	968	-1.408
Langtímaskuldir	36.425	40.242	42.174	42.533	41.449	43.740
Skammtímaskuldir	6.751	6.853	6.131	6.877	7.561	8.521
Heildarskuldir	43.176	47.095	48.305	49.410	49.009	52.261
Skuldahlutfall	1,67	1,84	1,84	1,78	1,56	1,50
Fjármagnskostnaður % af heildarútgjöldum	11,5%	11,3%	10,7%	10,7%	12,9%	17,8%
Hlutfall launa af heildarútgjöldum	18,2%	18,3%	17,7%	17,4%	15,6%	14,5%

Nautakjötsframleiðslan

Þegar þessi samantekt var unnin lágu fyrir rekstrarupplýsingar 30 nautgripabúa frá árinu 2022 með samanburði sömu búa allt frá árinu 2018, með því fráviki að 4 þeirra voru ekki byrjuð í verkefninu árið 2018. Vægi þessara 30 búa er um 16% allrar nautakjötsframleiðslu landsins ársins 2022. Þar sem hér er stundum um mjög blandaðan rekstur fleiri búgreina að ræða hafa tekjur og gjöld, þar með talinn fjármagnskostnaður, tengd nautgriparæktinni verið vandlega greind frá heildarrekstri til að gefa sem réttasta mynd af hreinni afkomu greinarinnar. Samtala rekstrarkostnaðar vegna annarra tekna er sérgreind í meðfylgjandi töflu. Niðurstöður þessara greininga nautgripabúanna eru lagðar til grundvallar við mat á heildarafkomu búgreinarinnar á viðkomandi ári og er þá ekki reiknuð með nautakjötsframleiðsla sem fer fram á kúabúum í mjólkurframleiðslu.

Greining á afkomu landbúnaðar 2018-2023 Framleiðsla nautakjöts á nautgripabúum

Framleiðsla nautakjöts. Fjárhæðir í milljónum króna á föstu verðlagi hvers árs.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Afurðatekjur	792	787	809	980	1.185	1.493
Opinberar greiðslur	241	259	296	335	570	495
Aðrar tekjur	2.048	2.218	2.198	2.549	2.958	3.199
Tekjur alls	3.081	3.264	3.304	3.863	4.712	5.187
Breytilegur kostnaður	662	660	683	848	975	1.167
Fastur kostnaður	236	258	250	328	325	351
Laun og launatengd gjöld	231	211	204	241	237	268
Afskriftir	164	200	214	238	266	293
Fjármagnsliðir	110	200	192	210	300	504
Gjöld vegna búgreinar alls	1.404	1.531	1.543	1.865	2.102	2.584
Afkoma búgreinar án annarra tekna	-371	-485	-438	-551	-348	-596
Gjöld vegna annarrar starfsemi	1.479	1.749	1.808	2.105	2.479	2.727
Hagnaður / Tap rekstrar í heild	199	-16	-47	-107	131	-124
Langtímaskuldir	4.864	5.352	5.250	6.064	6.405	6.597
Skammtímaskuldir	1.070	1.651	1.355	1.521	1.695	1.865
Heildarskuldir	5.934	7.003	6.605	7.585	8.100	8.462
Skuldahlutfall	1,93	2,15	2,00	1,96	1,72	1,63
Fjármagnskostnaður % af heildarútgjöldum	7,8%	13,1%	12,5%	11,2%	14,3%	19,5%
Hlutfall launa af heildarútgjöldum	16,5%	13,8%	13,2%	12,9%	11,3%	10,4%

Sauðfjárræktin

Þegar þessi samantekt var unnin lágu fyrir rekstrarupplýsingar 110 sauðfjárþú frá árinu 2022 með samanburði allra þátttökubúa allt frá árinu 2018 til ársins 2021. Vægi þessara 110 þúa er um 16% allrar dillakjötsframleiðslu landsins ársins 2022. Þar sem að hér er stundum um blandaðan rekstur fleiri búgreina að ræða hafa tekjur og gjöld, þar með talin fjármagnsgjöld, tengd sauðfjárræktinni verið vandlega greind frá heildarrekstri til að gefa sem réttasta mynd af hreinni afkomu greinarinnar. Samtala rekstrarkostnaðar vegna annarra tekna er sérgreind í meðfylgjandi töflu. Árið 2018 tók rekstrargreining sauðfjárþúa nánast eingöngu mið af búgreininni en eftir það var heildarrekstur þátttökubúa sundurgreindur nánar, sem skýrir mismun á rekstrargjöldum vegna annarrar starfsemi á milli árunna 2018 og 2019. Niðurstöður þessara greininga sauðfjárþúanna eru lagðar til grundvallar við mat á heildarafkomu búgreinarinnar á viðkomandi ári.

Greining á afkomu landbúnaðar 2018-2023

Sauðfjárrækt

Sauðfjárrækt. Fjárhæðir í milljónum króna á föstu verðlagi hvers árs.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Afurðatekjur	3.982	4.212	4.613	4.760	5.970	6.562
Opinberar greiðslur	4.917	5.254	5.153	5.430	6.685	6.365
Aðrar tekjur	3.362	4.840	4.917	5.392	5.733	5.608
Tekjur alls	12.261	14.307	14.683	15.582	18.389	18.535
Breytilegur kostnaður	4.369	4.480	4.802	5.173	5.859	6.004
Fastur kostnaður	2.472	2.144	2.401	2.429	2.400	2.347
Laun og launatengd gjöld	2.625	2.571	2.557	2.664	2.718	2.735
Afskriftir	1.348	1.382	1.406	1.401	1.578	1.543
Fjármagnsliðir	674	628	633	672	948	1.413
Gjöld vegna búgreinar alls	11.488	11.205	11.800	12.338	13.503	14.042
Afkoma búgreinar án annarra tekna	-2.589	-1.739	-2.034	-2.147	-848	-1.115
Gjöld vegna annarrar starfsemi	266	2.363	2.186	1.967	2.961	2.839
Hagnaður / Tap rekstrar í heild	507	738	698	1.278	1.925	1.653
Langtímaskuldir	10.731	11.923	12.860	14.059	14.481	14.915
Skammtímaskuldir	2.947	3.274	3.634	3.599	3.923	4.119
Heildarskuldir	13.678	15.197	16.495	17.658	18.403	19.034
Skuldahlutfall	1,12	1,06	1,12	1,13	1,00	1,03
Fjármagnskostnaður % af heildarútgjöldum	5,9%	5,6%	5,4%	5,4%	7,0%	10,1%
Hlutfall launa af heildarútgjöldum	22,8%	22,9%	21,7%	21,6%	20,1%	19,5%

Garðyrkjan

Þegar þessi samantekt var unnin lágu fyrir rekstrarupplýsingar 50 framleiðenda garðyrkjuafurða frá árinu 2022 með samanburði sömu bóa allt frá árinu 2019. Þessir 50 framleiðendur fengu um 90% stuðningsgreiðslna árin 2021 og 2022 og eru því að endurspegla nánast alla framleiðslu í greininni. Tölur fyrir 2018 voru áætlaðar og m.a. stuðst við tölur frá Hagstofunni. Við mat á þróun tekna og gjalda ársins 2023 var horft til verðhækkana á afurðum yfir árið og leitast við að nálgast jafnframt þróun kostnaðar eins og mögulegt var. Fjármagnsliðir eru framreiknaðir með hliðsjón af þróun stýrivaxta árið 2023 og verðbólgu.

Greining á afkomu landbúnaðar 2018-2023

Ylrækt / Útiræktun grænmetis

Ylrækt/Útiræktun grænmetis. Fjárhæðir í milljónum króna á föstu verðlagi hvers árs.

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Afurðatekjur	4.051	4.501	4.849	5.615	5.998	6.538
Opinberar greiðslur	250	262	331	623	856	820
Aðrar tekjur	522	580	400	498	967	1.100
Tekjur alls	4.822	5.342	5.580	6.736	7.821	8.458
Breytilegur kostnaður	1.300	1.548	1.797	2.284	2.664	2.931
Fastur kostnaður	1.100	1.157	1.248	1.517	1.646	1.778
Laun og launatengd gjöld	1.800	1.871	1.902	2.100	2.270	2.537
Afskriftir	230	249	315	347	338	340
Fjármagnsliðir	110	122	121	133	174	278
Gjöld alls	4.540	4.948	5.383	6.381	7.092	7.864
Hagnaður / Tap rekstrar í heild	282	394	198	356	730	594
Langtímaskuldir	1.300	1.451	1.659	1.988	2.135	2.250
Skammtímaskuldir	1.050	1.139	1.742	1.517	1.528	1.700
Heildarskuldir	2.350	2.589	3.402	3.506	3.663	3.950
Skuldahlutfall	0,49	0,48	0,61	0,52	0,47	0,47
Fjármagnskostnaður % af heildarútgjöldum	2,4%	2,5%	2,3%	2,1%	2,5%	3,5%
Hagnaður % af veltu	5,9%	7,4%	3,5%	5,3%	9,3%	7,0%
Hlutfall launa af heildarútgjöldum	39,6%	37,8%	35,3%	32,9%	32,0%	32,3%

Viðkvæmasti hópurinn

Í verkbeiðni var sérstaklega óskað eftir mati starfshópsins á því hvaða hópur væri viðkvæmastur í núverandi rekstrarumhverfi.

Óháð einstaka búgreinum er ljóst að bændur, óháð aldri, sem nýlega hafa fjárfest í jörðum eða staðið í stórum fjárfestingum og eru að byggja upp reksturinn, eru í erfiðleikum. Bú sem skulda meira en tvöfalda veltu í mjólkurframleiðslu og ársveltu í sauðfjár- og nautgriparækt eru mörg í lausafjárvanda þar sem að fjármagnskostnaður er orðinn verulega íþyngjandi og kemur niður á launagreiðslugetu og þar með afkomu fjölskyldunnar.

Það einkennir þessa viðkvæmu hópa að þeir treysta í vaxandi mæli á aðrar tekjur en af búskapnum og eru margir farnir að sækja launavinnu utan bús til að framfleyta fjölskyldunni.

Samantekt

Eins og kom fram í upphafi var verkefnið unnið út frá ákveðnum forsendum. Tekin voru saman rekstrargögn eins og kostur var frá fjórum búgreinum, mjólkurframleiðslunni, nautakjötsframleiðendum, sauðfjárbúum og garðyrkju; bæði ylrækt og útiræktun. Þau gögn sem notuð voru úr ársreikningum einstakra búa eru síðan yfirfærð m.t.t. heildarframleiðslu hvernar búgreinar hvert ár.

Vægi hvernar búgreinar er eftirfarandi, miðað við heildartekjur ársins 2022; kúabændur í mjólkurframleiðslu eru með rúmlega 52%, aðrir nautgripabændur um 9%, sauðfjárbændur með tæp 26% og garðyrkjubændur með 13%.

Í línunni „gjöld vegna annarrar starfsemi“ er samanlagður kostnaður, þar með talið laun og fjármagnsliðir vegna hennar.

Greining á afkomu landbúnaðar 2018-2023

SAMTÖLUSKJAL

	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Afurðatekjur	25.102	25.488	26.992	28.813	32.862	37.209
Opinberar greiðslur	11.751	12.391	12.206	13.112	15.605	15.352
Aðrar tekjur	9.178	10.584	10.660	12.011	13.949	14.435
Tekjur alls	46.031	48.463	49.858	53.936	62.416	66.996
Breytilegur kostnaður	16.238	16.938	18.092	19.870	23.244	26.157
Fastur kostnaður	7.359	7.295	7.799	8.203	8.558	8.895
Laun og launatengd gjöld	9.030	9.224	9.229	9.692	9.975	10.796
Afskriftir	5.172	5.384	5.639	5.900	6.088	6.219
Fjármagnsliðir	3.668	3.775	3.698	3.917	5.358	8.647
Gjöld vegna búgreina alls	41.467	42.615	44.456	47.581	53.223	60.714
Gjöld vegna annarrar starfsemi	1.745	4.112	3.994	4.072	5.440	5.566
Hagnaður / Tap rekstrar í heild	2.820	1.736	1.408	2.283	3.754	716
Langtímaskuldir	53.319	58.967	61.943	64.644	64.470	67.503
Skammtímaskuldir	11.818	12.917	12.863	13.514	14.707	16.205
Heildarskuldir	65.137	71.884	74.806	78.158	79.176	83.707
Skuldahlutfall	1,42	1,48	1,50	1,45	1,27	1,25
Fjármagnskostnaður % af heildarútgjöldum	8,8%	8,9%	8,3%	8,2%	10,1%	14,2%
Hlutfall launa af heildarútgjöldum	21,8%	21,6%	20,8%	20,4%	18,7%	17,8%
Vegnir stýrivextir hvers árs	4,29%	3,88%	1,48%	1,08%	4,20%	8,17%

Á milli árána 2021 og 2022 hækkar breytilegur kostnaður um 17,0 % sem er minni hækkun en sem nemur verðhækkunum á einstaka aðföngum og skýrist m.a. af því að bændur fóru að spara eins og þeir geta í útgjöldum til rekstrar.

Það er athyglivert að skoða launabáttinn sem hlutfall af kostnaði frá árinu 2018. Hann fer lækkandi í öllum búgreinunum og stefnir í að vera 17,8% á árinu 2023 fyrir þessar fjórar greinar landbúnaðarins í heild sinni. Garðyrkjan sker sig úr með 32,3% af útgjöldum sem er svipað og hjá öðrum atvinnugreinum samkvæmt vef Hagstofunnar. Nautgripabændur í nautakjötsframleiðslu eru að reikna sér hlutfallslega lægstu launin sé horft til heildarkostnaðar.

Þegar rekstrarafkoma búgreinanna er skoðuð í heild sinni árin 2018-2022 ber hún með sér að í mjólkur- og kjötframleiðslu hefur vaxandi framleiðslukostnaði verið mætt með aukinni áherslu á aðra tekjuöflun.

Rekstrargreiningarnar sem slíkar skila ekki upplýsingum um launatekjur utan bús en þegar unnið er fyrir einstaka bændur kemur það gjarnan fram í samtölum að þeir eru í auknum mæli að sækja launatekjur út fyrir reksturinn.

Mikill breytileiki er í öllu gagnasafninu með tilliti til rekstrar og skuldastöðu. Kemur það einkum fram í þeirri grein sem fjárbinding er hvað mest, þ.e. í mjólkurframleiðslunni. Sömuleiðis er verulegur munur í afkomu í garðyrkjunni, hvort viðkomandi bú sinna fyrst og fremst útiræktun eða eru í ylrækt, en garðyrkjubændur í ylrækt standa jafnan sterkar að vígi.

Fjármagnskostnaður sem hlutfall af heildarútgjöldum hækkar verulega frá árinu 2021, fer úr 8,2% í 10,1% árið 2022 og stefnir í a.m.k. 14,2% árið 2023 skv. afkomuspá. Áhrif hækkunar á fjármagnskostnaði ársins 2023 eru líklega vanmetin, sérstaklega hjá skuldsettari búunum þar sem vextir af skammtímaskuldum hækka hlutfallslega mikið. Hér er talsverður munur á milli búgreina þar sem að mjólkur- og nautakjötsframleiðendur eru með hæsta skuldahlutfallið að jafnaði. Hins vegar fer skuldahlutfallið að jafnaði lækkandi í öllum búgreinum.

Miðað við framangreindar forsendur er reiknað með taprekstri af mjólkur- og kjötframleiðslu umræddra búgreina árið 2023. Skýringarnar liggja fyrst og fremst í því vaxtastigi og verðbólgu sem einkennir rekstrarumhverfið þessi misserin.